

Afbrotatölfræði

Janúar 2007

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Eins og sjá má á mynd 1 hefur hegningarlagabrotum í janúar fækkað frá árinu 2003-2006 en þeim fjölgaði lítið eitt aftur í janúar 2007. Alls voru 3.380 umferðarlagabrot skráð hjá lögreglunni í janúar sem er nokkur fjölgun frá því í janúar 2006 og 2005 en fækkun frá sama mánuði 2004 og 2003. Fjöldi fíkniefnabrota var svipaður í janúar 2007 og árið á undan.


Á mynd 2 má sjá að flest fíkniefnabrot í janúar koma upp síðdegis eða á nóttinni. Nokkuð jöfn dreifing virðist vera á hegningarlagabrotum yfir sólarhringinn, en þau ná þó hámarki síðdegis. Um 40% umferðarlagabrota eru kærð milli klukkan tólf og sex síðdegis.

Tafla 1 sýnir að hraðakstursbrotum fjölgaði um 48% í janúar miðað við árið 2006 og tæp 100% ef miðað er við janúar 2005. Fjöldi tilkynnta þjófnaðarbrota var mjög svipaður í janúar 2006 og 2007 en þau voru mun fleiri í sama mánuði árið 2005. Eignaspjöll, innbrot og líkamsmeiðingar voru mun fleiri en árin á undan. Færri voru kærðir í janúar 2007 fyrir akstur gegn rauðu ljósi en árin 2005 og 2006.

Á mynd 3 má sjá að hlutfallslega flest þjófnaðarbrot og innbrot eru framin á fimmtudögum en flest eignaspjöll eru hins vegar framin á þriðjudögum. Fíkniefnabrotin dreifast nokkuð jafnt yfir vikuna, flest voru þau á laugardögum en fæst á sunnudögum. Þá áttu flestar líkamsmeiðingar sér stað á aðfaranótt mánudags. Níu einstaklingar voru kærðir fyrir ölvun við akstur hvern mánudag í janúar en sjö að meðaltali á sunnudögum.




Mynd 1. Fjöldi brota í janúar 2003-2007 eftir tegund brots



Mynd 2. Hlutfall brota eftir tíma söláhrings í janúar 2007

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar 2005, 2006 og 2007

	jan.07	jan.06	jan.05
Of hraður akstur	1.709	1.152	864
Eignaspjöll	328	226	284
Innbrot	296	163	147
þjófnaður	221	206	345
Áfengislagabrot	106	101	182
Ölvun við akstur	135	146	132
Fíkniefnabrot	171	169	130
Akstur gegn rauðu ljósi	101	122	102
Líkamsmeiðingar	117	82	90
Nytjastuldur	57	29	43



Mynd 3. Meðalfjöldi brota á dag í janúar 2007 eftir vikudögum

Afbrotatölfræði

Janúar 2007

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í janúar 2005, 2006 og 2007 eftir umdæmum

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2007	2006	2005	2007	2006	2005	2007	2006	2005
Akranes	16	9	7	73	153	80	3	1	4
Akureyri	68	54	67	157	197	179	6	9	3
Blönduós	2	2	1	132	46	55	1	0	0
Borgarnes	18	9	4	192	95	72	4	4	4
Eskifjörður	14	5	7	57	68	27	0	3	1
Húsavík	5	3	4	27	29	15	0	0	0
Hvolsvöllur	8	2	4	76	33	14	0	0	0
Höfuðborgarsvæðið	950	654	855	1.867	1.524	1.724	136	110	83
Ísafjörður	11	8	31	36	18	49	1	12	2
Sauðárkrókur	4	7	12	74	25	19	0	0	0
Selfoss	36	29	46	230	240	175	3	7	3
Seyðisfjörður	1	4	5	73	55	23	1	2	2
Snæfellsnes	1	1	2	20	42	14	0	0	0
Suðurnes	70	92	88	347	282	341	16	19	27
Vestmannaeyjar	15	7	10	19	6	34	0	2	1
Ríkislögreglustjórinn	0	2	9	0	0	0	0	0	0
Alls	1.219	888	1.152	3.380	2.813	2.821	171	169	130

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota á árunum 2005-2007 eftir embættum.

Eins og tafla 2 gefur til kynna eru fjögur stærstu embættin með áberandi flest skráð afbrot, en það eru höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Selfoss og Suðurnes.

Hegningarlagabrotum fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu í janúar miðað við sama tíma í fyrra. Einnig var nokkur fjölgun í Borgarnesi, á Eskifirði, á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum. Fækkun varð hins vegar á Suðurnesjum.

Mikil fjölgun var á skráðum umferðalagabrotum í umdæmum Blönduóss og Borgarness miðað við fyrri ár. Aftur á móti var þó nokkur fækkun í umdæmi Akraness lögreglunnar. Færri fíkniefnabrot voru skráð á Akureyri miðað við árið á undan. Á Ísafirði og Selfossi fækkaði skráðum fíkniefnabrotum en hjá báðum þessum embættum hafði orðið fjölgun árið 2006 miðað við árið á undan.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 15. febrúar 2007 og eru tölur fyrir árin 2006 og 2007 bráðabirgðatölur.

Í byrjun árs 2005 tók lögreglan í notkun nýtt skráningarkerfi. Þetta skiptir máli þegar fjöldi brota árið 2005 er borinn saman við fjölda brota 2006 og 2007.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kærur fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.